

75

4. maí

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða Norðurlandasamnings um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 10. febr. 1931, um innheimtu meðlaga.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 61 frá 21. apríl 1954, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 10. febrúar 1931, um innheimtu meðlaga, hefur verið ákveðið að ákvæði nefnds samnings skuli nú þegar taka gildi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 4. maí 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

76

4. maí

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða Norðurlandasamnings um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, frá 6. febr. 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 62 frá 21. apríl 1954, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, frá 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, hefur verið ákveðið að ákvæði nefnds samnings skuli nú þegar taka gildi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 4. maí 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

77

7. maí

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í dag heim úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 7. maí 1954.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.